



Fundargerð 7. fundar stjórnar SSA 8. janúar 2019

Fundurinn hófst kl. 10:00 í húsnæði Austurbrúar á Egilsstöðum. Boðið var upp á léttan hádegisverð. Mætt voru Einar Már Sigurðarson formaður, Gunnar Jónsson, Hildur Þórisdóttir, Gauti Jóhannesson, Pálína Margeirsdóttir, Sigríður Bragadóttir og Stefáns Bogi Sveinsson. Verkefnastjóri sveitarstjórnarmála, Jóney Jónsdóttir, skrifaði fundargerð.

Formaður óskar fundarmönnum gleðilegs árs og setur fundinn. Gengið er til eftirfarandi dagskrár.

1. Fundargerðir, erindi og ályktanir.

- 1.1. Fundargerð frá 6. fundi stjórnar SSA 2018-2019 lögð fram til staðfestingar.
- 1.2. Fundargerðir frá 3., 4. og 5. fundi framkvæmdaráðs SSA lagðar fram til kynningar.
- 1.3. Fundargerðir stjórnar SSS (nr. 737, 738 og 739), SASS (539 og 540), Eypings (314 og 315), SSV (38 og 39), SSV (141 og 142) og SSH (463, 464 og 465) ásamt ársskýrslu SSH frá aðalfundi 2018, aðalfundargerð SASS 2018 og aðalfundargerð Eypings 2018.
- 1.4. Fundargerðir 865. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 30. nóvember 2018 og 866. fundar frá 14. desember 2018.
- 1.5. Fundargerð 48. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál, 22. október 2018.
- 1.6. Fundargerð 145. fundar Heilbrigðisnefndar Austurlands 13. desember 2018.
- 1.7. Fundargerð 2. fundar samgöngunefndar SSA 22. nóvember 2018 lögð fram.
- 1.8. Fundargerðir 92. og 93. fundar stjórnar Austurbrúar.
- 1.9. Dagsetningar Landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga 29. mars 2019 og Fjármálaráðstefnu sveitarfélaga 3.-4. október 2019 lagðar fram til kynningar.
- 1.10. Bréf frá starfshópi á vegum félags- og jafnréttismálaráðherra um aðgerðir til að lækka þröskuld ungs fólks og tekjulágra inn á húsnæðismarkaðinn.

2. Innra starf SSA

- 2.1. Sóknaráætlun.
 - 2.1.1. Fjármagn til áhersluverkefna. Framkvæmdastjóri Austurbrúar fer yfir framlag til ársins 2019 og uppgjör frá fyrra ári.
 - 2.1.2. Áhersluverkefni. Framkvæmdastjóri Austurbrúar, Jóna Árný Þórðardóttir, og verkefnastjórnarnir Signý Ormarsdóttir og María Hjálmarsdóttir kynna árangur verkefna sem þær önnuðust 2018. Skýrsla úr könnunum um fjarnám lögð fram. Staðfesting frá Skipulagsstofnun lögð fram.
 - 2.1.3. Sundurliðun úthlutunarnefndar vegna sértækra verkefna sóknaráætlunar (C.1.) um Sköpunarmiðstöðina lögð fram til kynningar.
 - 2.1.4. Afhending styrkja úr Uppbyggingarsjóði Austurlands.
 - 2.1.5. Greinargerð um sóknaráætlanir landshluta 2017.
- 2.2. SvAust
 - 2.2.1. Fundargerðir SvAust frá 20. nóvember og 5. desember lagðar fram til kynningar.
 - 2.2.2. Staða verkefna 2019.
- 2.3. Aðalfundur SSA 2018 og haustþing SSA 2019.

- 2.4. Starfshópar á vegum SSA.
- 2.5. Samstarf SSA og Austurbrúar.

3. Önnur mál.

3.1. Formaður segir frá fundi með forstöðumanni Nýsköpunarmiðstöðvar, Karli Friðrikssyni og starfsmanni, Katrínu Jónsdóttur sem haldinn var á Egilsstöðum 20. desember.

1. Fundargerðir, erindi og ályktanir.

- 1.1 Fundargerð frá 6. fundi stjórnar SSA 2018-2019 var lögð fram til staðfestingar.
- 1.2 Fundargerðir frá 3., 4. og 5. fundi framkvæmdaráðs SSA voru lagðar fram til kynningar.
- 1.3 Fundargerðir stjórnar SSS (nr. 737, 738 og 739), SASS (539 og 540), Eyþings (314 og 315), SSNV (38 og 39), SSV (141 og 142) og SSH (463, 464 og 465) ásamt ársskýrslu SSH frá aðalfundi 2018, aðalfundargerð SASS 2018 og aðalfundargerð Eyþings 2018 voru lagðar fram til kynningar.
- 1.4 Fundargerðir 865. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 30. nóvember 2018 og 866. fundar frá 14. desember 2018 voru lagðar fram til kynningar.
- 1.5 Fundargerð 48. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál, 22. október 2018 var lögð fram til kynningar.
- 1.6 Fundargerð 145. fundar Heilbrigðisnefndar Austurlands 13. desember 2018 var lögð fram til kynningar.
- 1.7 Fundargerð 2. fundar samgöngunefndar SSA 22. nóvember 2018 var lögð fram til kynningar. Rætt var um samgönguáætlun sem enn er í vinnslu á Alþingi.
- 1.8 Fundargerðir 92. og 93. fundar stjórnar Austurbrúar voru lagðar fram til kynningar.
- 1.9 Dagsetningar Landspings Sambands íslenskra sveitarfélaga 29. mars 2019 og Fjármálaráðstefnu sveitarfélaga 3.-4. október 2019 voru lagðar fram til kynningar.
- 1.10 Bréf frá starfshópi á vegum félags- og jafnréttismálaráðherra um aðgerðir til að lækkar þröskuld ungs fólks og tekjulágra inn á húsnæðismarkaðinn var lagt fram til kynningar.

2 Innra starf SSA

2.1 Sóknaráætlun.

- 2.1.1 Fjármagn til áhersluverkefna. Framkvæmdastjóri Austurbrúar fór yfir fjárframlag ársins 2019 til sóknaráætlunar og uppgjör frá fyrra ári. Hún kynnti skiptingu fjármagns til áhersluverkefna 2018. Hún sagði frá framlögum úr Uppbyggingarsjóði Austurlands sem var skilað frá úthlutun 2018 og 2017. Grunnfjármagn sóknaráætlunar til úthlutunar úr Uppbyggingarsjóði er 55.500.000 kr. Stjórn SSA samþykkti að skiluðu fjármagni vegna verkefna Uppbyggingarsjóðs verði úthlutað 2019. Hún felur úthlutunarnefnd að skipta fjármagni á milli verkefna menningar og nýsköpunar og atvinnu auk stofn- og rekstrarstyrkja. Að lokum fór framkvæmdastjóri yfir fjármagn frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem hefur verið nýtt í umsýslukostnað vegna Uppbyggingarsjóðs Austurlands.

- 2.1.2 Áhersluverkefni. Framkvæmdastjóri Austurbrúar, Jóna Árný Þórðardóttir, og verkefnastjórnir Signý Ormarsdóttir og María Hjálmarsdóttir kynntu árangur verkefna sem þær önnuðust 2018. Skýrsla úr könnunum um fjarnám var lögð fram til kynningar. Staðfesting frá Skipulagsstofnun var lögð fram. Signý Ormarsdóttir kynnti menningarfulltrúastarfið sem hefur verið áhersluverkefni frá upphafi sóknaráætlunarsamningsins. Hún rakti fyrirkomulag og framsetningu áhersluverkefna menningar á árinu 2018. Signý fylgdi bókun fagráðs menningar úr hlaði. Bókunin varðar úthlutun úr Uppbyggingarsjóði Austurlands fyrir árið 2019. María Hjálmarsdóttir sagði frá verkefnunum Uppbygging Egilsstaðaflugvallar sem millilandaflugvallar og Áfangastaðurinn Austurland. Í báðum verkefnum er mikil vinna framundan. Framkvæmdaráði var falið að vinna áætlun um áhersluverkefni sem fer svo fyrir stjórn. Einnig að skoða hvort mögulegt sé að leggja aukafjármagn til Uppbyggingarsjóðs til samræmis við bókun fagráðs menningar.
- 2.1.3 Sundurliðun úthlutunarnefndar vegna sértækra verkefna sóknaráætlunar (C.1.) um Sköpunarmiðstöðina var lögð fram til kynningar.
- 2.1.4 Afhending styrkja úr Uppbyggingarsjóði Austurlands verður mánudaginn 28. janúar kl. 17 á Egilsstöðum. Signý Ormarsdóttir verkefnastjóri menningar sagði frá afhendingarathöfninni.
- 2.1.5 Greinargerð um sóknaráætlanir landshluta 2017 var lögð fram til kynningar.
- 2.2 SvAust
 - 2.2.1 Fundargerðir SvAust frá 20. nóvember og 5. desember voru lagðar fram til kynningar.
 - 2.2.2 Staða verkefna 2019. Einar Már sagði frá því að samningur við Vegagerðina fyrir árið 2019 hefur verið undirritaður. Einnig hafa samningar við akstursaðila verið undirritaðir. Seyðisfjarðarkaupstaður hefur gerst aðili að SvAust. Gjaldskráin er nú í endurskoðun.
- 2.3 Aðalfundur SSA 2019 og haustþing SSA 2019. Var frestað til næsta fundar
- 2.4 Starfshópar á vegum SSA. Þessum lið var frestað til næsta fundar.
- 2.5 Samstarf SSA og Austurbrúar. Skúli Björn Gunnarsson formaður starfsháttanefndar Austurbrúar kynnti tillögur nefndarinnar varðandi samstarfið. Stjórn fól framkvæmdaráði að vinna málið áfram og leggja endanlega tillögu fyrir stjórnina.

3 Önnur mál.

- 3.1. Formaður sagði frá fundi með forstöðumanni Nýsköpunarmiðstöðvar, Karli Friðrikssyni og starfsmanni, Katrínu Jónsdóttur sem haldinn var á Egilsstöðum 20. desember. Málið verður tekið fyrir á næsta fundi.
- 3.2. Verkefnastjóra og formanni var falið að vinna ályktun um uppbyggingu flugvallarkerfisins og eflingu innanlandsflugs.

Fundi slitið kl. 15:00.



Einar Már Sigurðarson

Gunnar Jónsson

Hildur Þórisdóttir

Gauti Jóhannesson

Pálína Margeirsdóttir

Sigríður Bragadóttir

Stefán Bogi Sveinsson